

12.2.2019

Tillaga mannréttinda- og lýðræðisráðs.

Tillaga um aukið gagnsæi og samræmingu verklags í kringum styrkveitingar Reykjavíkurborgar

Lagt er til að mannréttinda- og lýðræðisráð samþykki að ráðist verði í það verkefni að rýna og samræma verklag í kringum styrkúthlutanir Reykjavíkurborgar með þeim markmiðum að auka gagnsæi, tryggja sýnileika og einfalda aðgengi íbúans að styrkumsóknum og upplýsingum um veitta styrki borgarinnar. Starfshópi verði falin vinnan við að móta tillögur að þessum markmiðum sem lagðar verði svo fyrir mannréttinda- og lýðræðisráð.